

Fundargerð



Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps
miðvikudaginn 17. júlí 2019, kl. 13.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir hönd leikskóla, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldra auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- 1. Nýr skólastjóri kynntur:** Fundarmenn buðu nýjan skólastjóra velkomna til starfa og óskuðu henni velfarnaðar í starfi.
- 2. Skipulagning komandi skólaárs:** Anna Björg gerði grein fyrir undirbúningi skólastarfs fyrir komandi skólaár. Hún lagði til smávægilegar breytingar á skóladagatali næsta árs. Samþykkt að verða við óskum hennar og kynna þær vel. Skólinn verður því settur fimmtudaginn 22. ágúst.
- 3. Framkvæmdir við skólann í sumar:** Torfi Sigurjónsson mætti til fundarins undir þesum lið og gerði grein fyrir framkvæmdum og lagfæringum á Reykhólaskóla í sumar. Skólastjóri mun funda með öryggisfulltrúum skólans á morgun og uppfæra öryggisáætlun.
- 4. Sumardagskrá tómstundastarfs og vinnuskóla.** Jóhanna Ösp tómstundafulltrúi fór yfir starfsemi vinnuskólans og tómstundastarfs í sumar.
Hún vakti sérstaka athygli á stöðu fatlaðara varðandi tómstundir og barna með sérþarfir og hvernig megi betur sinna þeim. Nefndin beinir því til velferðanefndar að huga að þessum verkefnum við ráðningu nýs félagsmálastjóra.
Einnig farið yfir verklagsreglur varðandi samskipti við foreldra.
Farið yfir verksvið vinnuskólans og möguleikar á selja út vinnu/starfsnám unglinga til stofnana og/eða fyrirtækja.
Farið yfir undirbúning Reykhóladaga.

Rætt um færslu fjármuna milli aðila eftir því hvar verkefni lenda.

5. Önnur mál:

- a) Samstarf - forstöðumannafundir.** Rætt um að halda forstöðumannafundi reglulega og auka samstarf milli stofnana og deilda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
